

Nr. 088 / 15 Logi ÍS 79***Vélarvana og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 7172
Smíðaður: Hafnarfirði 1989, plast
Stærð: 5,9 brl. 5,15 bt.
Mesta lengd: 7,98 m Skráð lengd: 7,88 m
Breidd: 2,68 m Dýpt: 1,53 m
Vél: Vetus 147 kW, 1989
Fjöldi skipverja: 1



Logi©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 4. ágúst 2015 var Logi ÍS 79 á strandveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: NNA 6-14 m/s (*Bolungarvík*)

Báturinn var á siglingu þegar skipstjórinn varð var við vélabílun. Ákvað hann að freista þess að komast til hafnar með því að minnka álagið á vélina en hvarf frá því og óskaði eftir aðstoð. Auður ÍS 4 dró Loga til Bolungarvíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að heddpakkning gaf sig;
- að skipstjórinn ákvað að óska eftir því að verða dreginn til hafnar til að koma í veg fyrir frekari skemmdir;
- að ekki var lögskráð á bátinn.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er sú að heddpakkning gaf sig.

Nefndin átelur skipstjórnann fyrir að hafa ekki lögskráð á bátinn.